

þá listgrein hingað til lands, og nú er hún orðin mjög vinsæl og eftirsótt, en þú hættur að fást við hana. Hvers vegna?

„Grafíska tímabilið var mjög spennandi, og mér fannst ég vera á réttri hillu, en þegar ég kom heim frá námi fengust nánast engir við grafík hér að neinu ráði. Ég ætlaði aldrei að kenna, hugur minn stóð aldrei til þess, en þó fór svo að ég gerði það 1956, það var svo fast lagt að mér. Mér fannst það einhvern veginn ekki ganga að vera einn í grafíkinni hér heima og vildi gjarna miðla þessu til annarra, og fór því að kenna. Grafíkin varð mjög vinsæl í skólunum og náði fljótt mikilli útbreiðslu og hefur haldið velli alveg til þessa dags. Ég lagði mig allan fram við að kenna fólki, gaf mikið af sjálfum mér í þetta, og án þess að ég tæki eftir því, hætti ég sjálfur að fást við grafík, hætti áður en ég vissi, hvert gegn vilja mínum. Ég lagði grafíkina því aldrei á hilluna, það gerðist ósjálfrátt að ég hef ekki fengist við hana um tíma.

Fer mikið út, en vantar listamannakaffi hér heima

— Í hvernig sambandi ertu við list og listamenn hér heima og erlendis? Ferðu mikið til útlanda, og berðu þig saman við íslenska listamenn?

„Ég fer mikið til útlanda, já, það er mér nauðsynlegt að komast á sýningar erlendis. En það er dýrt fyrirtæki, og mér finnst að flugfélögin ættu að bjóða listamönnum að nota öll þessi auðu sæti í flugvélunum til að komast utan og fylgjast með, þau gætu tekið málverk upp í fargjaldið. Þau gætu varla tapað á því.

En hérna heima er oft erfitt að hitta aðra listamenn. Hér vantar alveg listamannakrá eins og þekktist í nánast öllum borgum nema Reykjavík. Slíkur staður þarf að vera til, þar sem listamenn koma saman, bera saman bækur sínar, rífa kjaft. Þetta þarf að vera stærri staður en Mokka, þótt það sé ágætt í sjálfu sér, og þarna þurfa að vera létt vín og matur á boðstólum, líkt og er á flestum þessara nýju veitingahúsa. Kaffistofa Kjarvalsstaða? Nei, hún getur ekki gegnt þessu hlutverki eins og hún er. Sumum finnst hún minna einna helst á kaffistofu á flugvöllum eða járnbrautarstöðvum, sjáðu gólfid til dæmis!

En ég reyni að fylgjast með, þótt það sé erfitt. Hér í Reykjavík hittir maður oft ekki góðkunningja sína nema á nokkurra ára fresti. En varðandi þetta með að fara til útlanda, þá langar mig til að minnast á það, að listamenn alls staðar að úr heiminum, og ekki síður listunendur, streyma til Parísar á ári hverju í milljóna-vís, ekki síst til að sjá hið fræga Pompidou-safn. Frakkar græða gífurlegt fé á því að fá allt þetta fólk, og á því er skilningur þar í landi, þótt halli kunnir að vera á rekstri safnsins einu og sér.

Fleiri koma á listasöfn en íþróttavelli

Enn get ég nefnt í þessu sambandi, að það er þekkt á meginlandi Evrópu, að þrátt fyrir allt það rými sem íþróttir — knattspyrna ekki síst — fá í fjölmiðlum, koma fleiri á söfn og listsýningar en á íþróttakappleiki. Hundruð þúsunda manna sækja þessi söfn, milljónir, og gæti það verið ýmsum umhugsunarefni hérlendis, sem telja sig hafa skyldum að gegna við íþróttirnar vegna þeirra vinsælda sem þær njóta. Þetta segi ég íþróttaiðkunum eða keppnum alls ekki til lasts, en minni á að það er fleira sem fólk hefur áhuga á.

— Þú ert ekki ánægður með hlut fjölmiðla í listumfjöllun?

„Þar má ýmislegt bæta, það er rétt. Tökum sjónvarpið sem dæmi: Mér finnst alltaf eins og það eigi myndlistinni dælitla skuld að

gjalda, sem það gæti auðveldlega gert, sjálfu sér til framdráttar um leið. Eftir að sjónvarpið kom til sögunnar datt aðsókn að málverkasýningum niður á kvöldin, en áður hafði hún verið einna mest á bilinu frá klukkan 20 til 22. Nú lokar Norræna húsið jafnvel klukkan 19 vegna þess hve fáir koma eftir þann tíma. Mér finnst sjónvarpið ætti að gera myndlistinni mun meiri skil en gert er, á hinn fjölbreytilegasta hátt, með fræðslumyndum, viðtölum við myndlistarmenn, frásögnum og gagnrýni um sýningar og svo framvegis. Hér finnst mér að mætti komast á jafnvægi milli íþróttabátta og menningarmála.

En hér skortir alla rit- og fréttastjórn í þessum efnunum, og hvergi í heiminum ríður meðalmennskan eins húsum, og hvergi fær afþreyingariðnaðurinn annað eins rými og í íslenskum fjölmiðlum. Hlutleysi sjónvarpins gengur svo langt að þar telja fréttamenn sig skylduga til að koma á framfæri áhugamálum sínum. Ég get endalaust haldið áfram.“

Hagsæld skerpir ekki gáfur

— Þú minnst á listgagnrýni. Þú ert gagnrýnandi um leið og þú ert listamaður, er ekki erfitt að vera gagnrýnandi hér í nálægðinni manna á milli?

„Já, það er vandasamt að fást við gagnrýni hér í jafn litlu þjóðfélagi þar sem hugsunarháttur þorra þjóðarinnar er enn í Sviðinsvík undir Öpveginsenni, þrátt fyrir allar tækniframfarir. Hagsældin skerpir ekki gáfur né lífrænar kenndir, sljógvar þær frekar. Meðalmennskan er ráðandi afl og hér eigum við að minnsta kosti Norðurlandamet. Hvaða skussi fær sama rými í fjölmiðlum og góðir málara, ef ekki meira, og sumir virðast hatast við þá sem skera sig úr. Það er alveg rétt sem sagt hefur verið, að Norræna myndlistarbandalagið virðist vera að löggilda meðalmennskuna og svo er á fleiri sviðum. Er nema von að erfiðlega gangi á Norðurlöndunum þegar fólk er hundelt og því refsað fyrir dugnað og lífspekkin virðist vera sú sem felst í orðskviðnum: Hurðin snýst á hjörum og letinginn í hvílu sinni.

Hér er þó aðeins um tímabundið vandamál að ræða hygg ég, ég trúi því að menn sjái að sér og að betri tímar séu í vændum — allt þarf sinn aðlögunartíma. Félagi minn við leiklistarnám í München sagði mér eitt sinn og þessi setning hefur orðið mér minnisstæð: Hví reyna menn heima ekki að lyfta hverjir öðrum upp, í stað þess að rífa allt niður? Mér dettur einnig í hug það sem skáldið sagði við mig fyrir nokkrum árum: Maður á ekki að búa til skít úr skít, heldur gras úr skít og mér finnst megi bæta við, blóm líka.“

Hvar er bjartsýnin?


— Þetta sem þú segir hljómar ekki sérlega bjartsýnislega, ef mið er tekið af því að þú hefur einn fárra manna fengið opinberan viðurkenningarskjöld sem bjartsýnismaður?

„Máski ættu bjartsýnisverðlaunin að heita öðru nafni, til dæmis lífsþróttarverðlaunin, því enginn getur verið bjartsýnn allan sólarhringinn. Slíkt væri tilbreytingarlaus skapgerð. En lífstónninn er trúin á mannlífið og tilgang þess, að leggja ekki árar í bát þótt á móti blási. Menn þurfa heldur ekki að bera bjartsýnina utan á sér, síbrosandi menn þurfa ekki að hafa þann undirtón, ef til vill berja þeir konu og krakka er heim kemur! Við vitum líka að margir frægir skopleikarar þessarar aldar hafa verið geðstirðir og erfiðir í sambúð, og nazistaböðlarnir gátu oft verið ástrikir fedur og eiginmenn.

Það er ást á lífinu sem skiptir mestu máli og lífsþrótturinn. Ást til lífsins og það að vilja veg annarra sem mestan. Þetta finnst mér mikilvægast og ég vona að það sé grunntónninn í lífi mínu.“

— AH.

Haustrauka-útsala



Þetta tilboð stendur aðeins yfir helgina

15—40%

afsláttur af öllum haustraukum

Gerðu góð kaup, strax í dag

blómaval

TROOPER

Á AUSTURLANDI

SÝNINGARSTAÐIR:
 Höfn í Hornafirði — Djúpvogur — Breiðdalsvík
 Stöðvarfjörður — Fáskrúðsfjörður
 Reyðarfjörður — Eskifjörður — Neskaupsstaður
 Egilsstaðir — Seyðisfjörður
 Vopnafjörður — Bakkafjörður
 Þórshöfn

TROOPER í tómstundum
 TROOPER til allra starfa

Isuzu Trooper leggur land undir fót og heldur í hringferð um Ísland til þess að leyfa landsmönnum að líta á sig. Í förinni verður einnig hinn vinsæli Isuzu Pick-up. Komid verður við í öllum landsfjórðungum og mun þá gefast tækifæri til þess að kynna kostum þessara vönduðu vagna frá ISUZU. Nánar mun verða tilkynnt um tilhögun ferðarinnar í útvarpi.

SÝNINGARSTAÐIR OG TÍMAR
 TILKYNNTIR Í ÚTVARPI



VÉLADEILD
 Ármúla 3 ☎ 38900

